

193

7. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Ólafsfjarðar.

Gjaldskrá fyrir rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 90 27. apríl 1945, skal gilda áfram til 1. október 1946.

Ákvæði þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

194

22. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir notkun rafmagns í Húsavík.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa er kr. 1.10 fyrir kílóvattstund, en til suðu, hitunar og iðnaðar kr. 0.80 fyrir kílóvattstund. Til lýsingar á bryggjum og til annarra utanhússljósa einstakra manna eða félaga fer um gjaldið eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka verðið allt að 20% frá því er að framan segir, og sömuleiðis að lækka það allt að 40%. Enn fremur er hreppsnefnd heimilt að selja alla raforku sama verði og til ljósa, ef svo stendur á að afl vélanna fullnægi ekki nema til ljósa eingöngu.

2. gr.

Leiga eftir mæla skal vera kr. 8.00 á ári.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er almanaksárið.

Gjalddagar fyrir rafmagn eru ársfjórðungslega, síðasti dagur hvers ársfjórðungs. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeigandi eftir að hafa tilkynnt honum það skriflega.

Taka má gjaldið löglaki. Gjaldið greiðist til oddvita Húsavíkurhrepps. Húsaráðandi, eða hver sá, er hefur mæli á nafni sínu, greiðir það, er sá mælir telur.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi, nr. 68 frá 28. ágúst 1928 og breytingar á þeirri gjaldskrá, nr. 220 18. des. 1941.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.